

Fundur Uppsveita og Flóa um nýja skóla- og velferðarþjónustu

haldinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi þriðjudaginn 7. febrúar 2023 kl. 17:00.

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar

Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðaði forföll

Bjarni H. Ásbjörnsson varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn þarf að ræða og ákveða eftirfarandi atriði sem koma fram í félagssamningi:

-Verður stjórn byggðasamlagsins einnig fagnefnd?

Ákveðið var að stjórn verður ekki fagnefnd. Fyrirkomulagið varðandi fagnefndina verður eins og það hefur verið.

-Skoða þarf hvernig kostnaðarskipting verkefnisins verður nákvæmlega.

Ákveðið var að hafa skiptinguna miðaða við fjölda nemenda, íbúa og fjölda fatlaðra. Óskað verður eftir að KPMG komi með tillögu að kostnaðarskiptingu.

-Skoða þarf grein 10/11 og ákveða hvort eigi að breyta henni með tilliti til þess að starfsstöð byggðasamlagsins verður í öðru sveitarfélagi en núverandi umsjónarsveitarfélagi.

Ákveðið var að Hrunamannahreppur myndi sjá um umsýsluna alla vega út 2023 og gerður yrði sérstakur samningur um það. Þar af leiðandi þarf að laga til greinina og tala um að gerður verði sérstakur samningur við umsýslu sveitarfélag, ekki tala um að umsýslusveitarfélagið sé það sveitarfélag þar sem starfsstöðin er.

-Ræða hvort greiða eigi laun fyrir stjórnarsetu? Ef stjórn verður fagnefnd á þá á að greiða laun?

Ákveðið var að ekki verða greidd laun til stjórnar. Fagnefndin mun áfram fá laun greidd úr byggðasamlaginu eins og verið hefur. Ræða þarf nánara fyrirkomulag á næsta fundi t.d. hvort tengja eigi launin við þingfarakaup.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.18:30.